
LANDELDI við Þorlákshöfn

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Framlagning matsskýrslu og ósk um álit

Þann 25. maí 2020 lagði Landeldi ehf. fram matsskýrslu og óskaði eftir áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Gögn

Matsskýrsla: Landeldi, 5.000 tonna fiskeldi, vestan Þorlákshafnar, Sveitarfélagið Ölfus. Mat á umhverfisáhrifum. Landeldi ehf. maí 2020.

Viðaukar með matsskýrslu, umfram það sem lá fyrir í frummatsskýrslu (sjá að neðan):

- Umsagnir vegna frummatsskýrslu

1.2 Kynning frummatsskýrslu

Þann 23. janúar 2020 lagði Landeldi ehf. fram frummatsskýrslu um 5.000 tonna fiskeldi Landeldis ehf. á lóðum Laxabrautar 21, 23 og 25 vestan Þorlákshafnar. sbr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 3. febrúar 2020 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Bændablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 3. febrúar til 17. mars 2020 á Bæjarbókasafni Ölfuss, Bæjarskrifstofum Ölfuss, hjá Skipulagsstofnun og í Þjóðarbókhöðunni. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Frummatsskýrslan var kynnt á opnum íbúafundi sem haldinn var í ráðhúsi Ölfuss í Þorlákshöfn þann 3. febrúar 2020.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn

Frummatsskýrsla: 5.000 tonna fiskeldi Landeldis ehf. á lóðum Laxabrautar 21, 23 og 25 vestan Þorlákshafnar. Landeldi ehf. janúar 2020.

Sérfræðiskýrslur með frummatsskýrslu:

- Fiskeldi við Þorlákshöfn. Greinargerð vegna fornleifaúttektar innan deiliskipulagsreits Landeldis. Gylfi Helgason 2019. Fornleifastofnun Íslands ses.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi, með bréfi dags. 6. mars 2020
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, með bréfi dags. 25. febrúar 2020
- Fiskistofu, með bréfi dags. 11. mars 2020
- Hafrannsóknastofnun, með bréfi dags. 19. febrúar 2020
- Matvælastofnun, með bréfi dags. 18. maí 2020



- Minjastofnun Íslands, með bréfi dags. 26. febrúar. 2020
- Náttúrufræðistofnun Íslands, með tölvupósti dags. 26. febrúar 2020
- Orkustofnun, með bréfi dags. 5. mars 2020
- Umhverfisstofnun, með bréfi dags. 3. mars 2020

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma frummatsskýrslu.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að eldisstöðin muni rísa á lóðunum að Laxabraut 21, 23 og 25 innan iðnaðarsvæðisins I-23, við Laxabraut, vestan Nesbrautar í Þorlákshöfn.

Stefnt sé að því að framleiðslugeta verði 5.000 tonn af afurðum á ári og til þess þurfi hámarkslífmassi á hverjum tíma að vera allt að 3.450 tonn. Sótt verði um leyfi til að ala lax, bleikju og urriða/sjóbirting. Gert sé ráð fyrir að heildar þauleidisrými stöðvarinnar verði 66.000 m³ og skiptist það í seiðældi innanhúss og áframeldi laxfiska í kerum utanhúss.

Fram kemur að ráðgert sé að nota laxastofn frá Stofnfiski sem sé afkomandi þriggja norskra laxastofna, bleikjustofn frá Háskólanum á Hólum í Hjaltadal, sem sé blanda sjö kynbættra íslenskra bleikjustofna en ekki hafi verið teknar neinar ákvarðanir um urriða/sjóbirtingsstofn.

Þegar hámarksframleiðslu verður náð er gert ráð fyrir að fóðurnotkun verði um 5.560 tonn á ári og að magn næringarefna sem muni falla til verði um 291 tonn af kolefni, 185 tonn af köfnunarefni og 24 tonn af fosfór.

Mannvirki

Í matsskýrslu kemur fram að reist verði mannvirki í formi húsa, kera, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka, auk vatns- og frárennislagna ásamt gerð vegslóða, plana og bílastæða. Þjónustuhús verði um 800 m² og allt að 8,5 m hátt, eldishús áætlað um 3000 m² og < 8 m á hæð og sláturhús um 450 m². Eldisker utanhúss verði 10-31 m í þvermál og mest 5 m há frá jafnsléttu yfirborði lóðar. Vatnsmiðlunartankar rúmi um 3.600 m³ og verði allt að 8 m háir. Súrefnistankar verði hafðir láréttir til þess að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra. Fóðursíló verði a.m.k. 10 og allt að 7 m há en reynt verði að koma þeim fyrir til hlés við byggingar til þess að draga úr sjónrænum áhrifum af þeim.

Vatnsöflun

Í matsskýrslu kemur fram að vatnsöflun til eldisins verði úr borholum sem staðsettar verði á þrískiptu svæði innan lóða fyrirtækisins. Á svæðinu lengst frá ströndinni verði aflað ferskvatns, nær sjó ísalts vatns og fullsalts sjávar næst ströndinni. Miðað við full afköst sé gert ráð fyrir að vatnstaka nemi allt að 500 l/s af ferskvatni, magn ísalts vatns allt að 2.350 l/s og 2.650 l/s af fullsöltum sjó. Gert sé ráð fyrir að endurnýting eldisvatns verði 60% í byrjun og stefnt að 75% endurnýtingu þegar fullur rekstur er kominn í gang.

Frárennsli

Í matsskýrslu eru settir fram 4 valkostir varðandi staðsetningu útrásar stöðvarinnar. Fram kemur að við valkost A sé fjara styst og besti valkosturinn að mati framkvæmdaraðila til að draga úr áhrifum útrásar á ásynd og hugsanlegum áhrifum frárennslis á lífríki fjörunnar. Í matsskýrslu kemur fram að affallslagnir kera tengist steinsteyptum tengistokki og frá stokknum verði 2.200 mm svert niðurgrafið affallsrör til sjávar. Með síubúnaði í tengistokknum verður tryggt að fiskur sleppi ekki úr stöðinni né komist inn í hana. Fyrirhugað sé að draga úr áhrifum úrgangsefna á viðtaka með því að hreinsa stærstu agnir úr affallsvatninu sem geti orðið um 550-570 tonn af föstu efni árlega og



fyrirhugað sé að kanna möguleika á að nýta seyruna sem áburð. Sjá nánar umfjöllun um förgun affallsvatns í kafla 3.2.

Stefnt sé að því að framkvæmdum verði lokið á 5 – 6 árum.

2.1 Valkostagreining

Í matsskýrslu Landeldis kemur fram að í matsáætlun hafi verið gert ráð fyrir að stöðin yrði staðsett á lóðinni Laxabraut 1 á milli fiskeldisstöðva Íspórs og Náttúru, Fiskiræktar. Við skoðun valkosta varðandi reksturinn hafi það verið sameiginleg ákvörðun framkvæmdaraðila og sveitarstjórnar að framkvæmdin skyldi færð á lóðirnar Laxabraut 21, 23 og 25. Ávinningur af því sé aukin trygging fyrir útþynningu affallsvatns stöðvarinnar með meiri fjarlægð frá hinum fiskeldisstöðvunum og ferskvatnsöflun verði tryggari og utan áhrifasvæðis vatnstöku annarra eldisstöðva svæðisins. Eftir færslu framkvæmdarinnar séu ekki aðrir betri valkostir sjáanlegir varðandi staðsetningu eldisstöðvarinnar.

Skipulagsstofnun telur rök framkvæmdaraðila fyrir að falla frá upphaflegri staðsetningu vera málefnaleg og fellst á að ekki hafi verið þörf á að meta í frummatsskýrslu framkvæmdaraðila þá staðsetningu sem valkost við áformaða framkvæmd.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Landeldis er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og töflu 6.1 í matsskýrslunni.

3.1 Vatnsöflun

Mat Landeldis

Í matsskýrslu kemur fram að rannsóknir og reynsla sýni að öflugir grunnvatnsstraumar renni til sjávar rétt vestan Þorlákshafnar. Samkvæmt grunnvatnslíkani Vatnaskila muni fyrirhuguð vatnstaka ekki takmarka rennsli til annarra notenda og ef miðað sé við verulega vatnstöku kílómetur hvoru megin frá stöðinni megi taka upp 1.000 l/s á framkvæmdasvæðinu án þess að raska verulega jafnvægi ferskvatnslinsunnar. Landeldi ehf. muni sækja um nýtingarleyfi fyrir töku 5.000 l/s af jarðsjó og 500 l/s af ferskvatni, miðað við að 60 % endurnýting verði í fiskeldisstöðinni. Gert sé ráð fyrir að fullsaltur jarðsjór komi af 100 m dýpi og verði um 10 °C heitur.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Áætlanir gangi út á að borholur séu búnar síritum er mæli allar hreyfingar ásamt breytingum innan holanna. Reglulegar mælingar muni fram fara á seltustigi, hita og yfirborðshæð vatnstökustaða er gefi haldbærar upplýsingar um ástand og hegðun grunnvatnsins. Þá verði reglulega tekin sýni úr grunnvatni til efnagreininga, af viðurkenndri rannsóknastofu og verði niðurstöður aðgengilegar eftirlitsaðila Orkuskipti.

3.1.1 Umsagnir

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er lögð áhersla á mikilvægi þess að aukin vatnstaka á svæðinu muni ekki hafa áhrif á aðra nærliggjandi vatnstöku og er vísað til þess að nauðsynlegt sé að í nýtingarleyfi og starfsleyfi verði settir skilmálar varðandi vöktun á áhrifum vatnstökunnar á grunnvatn.



Í umsögn Orkustofnunar er bent á fyrirhugað sé að nema úr borholum 500 l/s úr ferskvatnslinsunni og 5.000 l/s af söltu grunnvatni, auk ísalts grunnvatns en ekki komi fram hvort magn þess ísalta sé hluti 5.000 sekúndulítranna. Ennfremur er bent á að mikilvægt sé að raska ekki viðkvæmu jafnvægi fersks og salts grunnvatns á svæðinu með hugsanlega framtíðarnýtingu í huga.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hámark ísalts sjávar verði 2.350 l/s og vinnsla jarðsjávar í heild fari ekki yfir 5.000 l/s. Framkvæmdaraðili er sammála Orkustofnun um mikilvægi þess að vatnstaka verði aukin í þrepum á nokkrum árum og að niðurstöður vöktunar á áhrifum á ferskvatnslinsuna verði nýttar til ákvörðunar um fjölda og staðsetningu borhola og til að tryggja jafnvægisástand ferskvatnslinsunnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji mikilvægt að vatnsvinnsla sé vöktuð á þann hátt að ekki verði gengið um of á ferskvatn á svæðinu, þ.e. að nýtingin verði sjálfbær.

3.1.2 Niðurstaða

Fyrir liggur að um er að ræða umfangsmikla vatnstöku en rannsóknir benda til þess að mikill ferskvatnsstraumur sé til sjávar vestan Þorlákshafnar. Þá bendir reynsla af vatnsvinnslu í nágrenni framkvæmdasvæðisins að góðir möguleikar séu til að vinna jarðsjó neðan ferskvatnslinsunnar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn verði að teljast nokkuð óviss þar til reynsla af vatnsöflun fæst. Því verði ítarleg vöktun mjög mikilvæg bæði m.t.t. hættu á að ísaltur jarðsjór blandist upp í ferskvatnslinsuna og hugsanlegra áhrifa á aðra grunnvatnsvinnslu í nágrenninu. Mikilvægt er að vatnsvinnslan verði aukin í þrepum á nokkrum árum og niðurstöður vöktunar á áhrifum á ferskvatnslinsuna nýttar til ákvörðunar um fjölda og staðsetningu borhola og til að tryggja jafnvægisástand ferskvatnslinsunnar. Skipulagsstofnun telur að setja þurfi ákvæði í leyfi um vöktun og viðbrögð ef í ljós komi að heimiluð vatnstaka hafi meiri áhrif á grunnvatnsborð en upphaflega var áætlað.

3.2 Lífríki í fjöru og förgun affallsvatns

3.2.1 Mat Landeldis

Lagning fráveitu

Í matsskýrslu kemur fram það mat Landeldis ehf. að vegna sterkra sjávarstrauma og tíðra stórbrimsatburða sé erfitt að reisa mannvirki sem standist ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólpi um að veita þurfi skólpi minnst 5 metra niður fyrir meðal stórstraumsfjöruborð, eða 20 metra út frá meðal stórstraumsfjörumörkum. Verði því sótt um undanþágu frá reglugerðinni. Affallslögn þarf að leiða eins langt niður að fjöruborði og kostur sé og geri verkáætlun ráð fyrir að lögnin verði í rás í hrauninu.

Niðurstaða Landeldis ehf.

Í matsskýrslu kemur fram að heildar fóðurnotkun sé áætluð 5.570 tonn/ári og miðist það magn við eldi á laxi og bleikju í jöfnum hlutföllum. Landeldi ehf. áformi að agnir og svif verði fjarlægð úr affallsvatni sem rennur til sjávar, með tromlusíum og að loftun verði á milli eldiseininganna. Auk tromlusía verði settankur og sé gert ráð fyrir að heildar útskiljun fastra efna eldisstöðvarinnar verði ekki minni en 550 til 570 tonn eða um 40% heildar fasts efnis í affallsvatninu.

Gerð fjörunnar, áhrif Ölfusár og grunnvatnsstreymis, strauma og brims gerir fjöruna lífminni en ella. Opið úthaf ásamt tíðu brimi og sterkum ríkjandi straumum gera það að verkum að útþynning affallsvatns þar sem það blandast saman við viðtakann muni eiga sé stað innan frekar lítils svæðis næst fjörunni. Affallsvatnið verði með svipaða seltu og hitastig og viðtakinn sem flokkist sem síður viðkvæmur viðtaki í ljósi ofangreinds eru áhrif óveruleg en gætu orðið talsvert jákvæð fyrir fuglalíf varðandi fæðuöflun.



3.2.2 Umsagnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það mat að með hreinsun verði áhrif frárennslis óveruleg á lífríki fjörunnar. Jafnframt þurfi að vera gengið frá útrás frárennslis þannig að það sé viðunandi rennslis í því og að ekki myndist pollar eða sjá megi uppsöfnun úrgangsefna nærri útrásinni.

3.2.3 Niðurstaða

Fyrir liggur að hluti fastra úrgangsefna verður hreinsaður úr affallsvatninu og brim og sjávarastramar þynna affallsvatnið fljótt út. Skipulagsstofnun telur því að að áhrif affallsvatns á lífríki fjöru verði óveruleg. Stofnunin tekur undir með Umhverfisstofnun að æskilegt sé að staðsetja útrásina þannig að ekki myndist pollar og ekki verði uppsöfnun úrgangsefna við hana og að staðsetning verði með þeim hætti að þynning efnanna verði sem mest.

3.3 Förgun/nýting úrgangs úr eldisvatni

3.3.1 Mat Landeldis

Í matsskýrslu kemur fram að heildarmagn fastra efna úr eldisvatni sem falli ú við hreinsun verði ekki minni en 550 til 570 tonn á ári miðað við fullan rekstur. Fyrir liggir að skoðað verði á fyrstu stigum nýting úrgangsins til áburðargjafar en einnig möguleikar varðandi þörungaræktun/vinnslu, framleiðslu lífgass og þurrkun efnisins er síðan gæti nýst til jarðfyllingar. Ef vel tekst til varðandi mögulegar nýtingaraðferðir munu áhrif verða metin sem verulega jákvæð.

Ef ekkert yrði af nýtingu úrgangsins telur Landeldi ehf. þrjá möguleika vera í stöðunni. A Veita efninu beint í sjó í nokkrum lotum, B flytja efnið á skipi og losa á hentugt hafsvæði eða C farga efninu á viðurkenndum förgunarstað á landi.

3.3.2 Umsagnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji áform rekstraraðila um endurnýtingu seyru (fastefnis)/dauðfisks og blóðvatns vera jákvæða. Valkostagreining um möguleika nýtingar seyru og umhverfisáhrif sé góð og stofnunin taki undir að slæmt sé að flytja seyruna til urðunar.

3.3.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur jákvætt að áhersla verði lögð á að skilja föst efni úr affallsvatni og leita leiða til nýtingar þess. Gera verði ráð fyrir að á þessum þætti verði tekið í starsleyfi m.t.t. vöktunar á því hvernig til tekst og umhverfisáhrifa af mismunandi leiðum nýtingar seyru.

3.4 Ásýnd

3.4.1 Mat Landeldis ehf.

Í matsskýrslu kemur fram að ásýnd lóðarinnar eftir uppbyggingu muni óhjákvæmilega breytast en sambærileg mannvirki séu þó þegar til staðar austar á ströndinni nær Þorlákshöfn. Eldisker verði að stórum hluta niðurgrafin og súrefnistankur hafður láréttur sem dragi úr ásýnd mannvirkja á framkvæmdasvæðinu. Sjónræn áhrif einskorðist við tiltölulega stuttan kafla Suðurstrandarvegur sem liggur um 500 metra norðan framkvæmdarlóðar. Mannvirkin verða illsjáanleg frá þéttbýlinu í Þorlákshöfn og útivistar- og frístundarsvæðum bæjarins, sem séu næst framkvæmdasvæðinu.

Fram kemur að affallsrör muni liggja í rás til sjávar, á bjargbrún og affallsvatn fara fram af berginu niður í stórgrýtisfjöru.



3.4.2 Umsagnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki megi myndast einskonar foss á bjargbrúninni niður í hnellingafjöru og þurfi að fjalla nánar um tilhögun útrásar svo hún valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum m.t.t. ásynðar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að leiða verði útrás eins langt niður að fjöruborði og kostur sé, til að lágmarka neikvæð áhrif ásynðar. Fjaran sé nær óaðgengileg fótgangandi, sé verulega fáfarin og ásynðin verði því mest frá sjó en lítið sem ekkert sé um útsýnissiglingar á svæðinu. Affallsrörið verður niðurgrafið en endanleg útfærsla útrásar verði í samráði við Sveitarfélagið Ölfus og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að meta ætti valkosti í staðsetningu útrásar og hvernig lagt sé til að útrásin verði lögð í viðtakann.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að allar ákjósanlegar staðsetningar affallsrörs/útrásar liggi fram á sjávarhamra með stórgrýti undir. Stórgrýtisfjaran nái ekki nema fáeina metra frá hömrunum og sé einna mjóst þar sem útrás skv. aðalvalkosti sé. Vegna sjógangs á svæðinu sé talið ógerlegt að leggja affallsrör/útrás út í sjó.

3.4.3 Niðurstaða

Fyrir liggur að um er að ræða umfangsmikil mannvirki sem muni breyta ásynð svæðisins til frambúðar. Skipulagsstofnun telur að fyrirkomulag mannvirkja, það er hve vel tekst að fella þau að landi og lágmarka hæð þeirra skipti höfuðmáli m.t.t. áhrifa á landslag. Litaval og lýsing skiptir einnig máli við að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkjanna. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að mikilvægt er að ekki myndist foss niður í fjöru vegna frárennslis eldisstöðvarinnar. Affallsrör/útrás og affallsstraumur/foss til sjávar muni þó fyrst og fremst verða sýnilegt þeim sem ganga fjöruna eða sigla framhjá.

3.5 Smit og sjúkdómavarnir

3.5.1 Mat Landeldis ehf.

Í matsskýrslu kemur fram að helstu sjúkdómar innan fiskeldis séu kýlaveikibróðir, sem sé útbreiddust allra bakteríusýkinga í íslensku fiskeldi ásamt nýrnaveiki. Lágmarka eigi áhættu af kýlaveikibróður með bólusetningu og af völdum nýrnaveiki með því að nota einungis hrogn af stofni sem sé laus við allt smit.

Vöktun og mótvægi

Í matsskýrslu kemur fram að í skoðun sé að gerður verði þjónustusamningur við fyrirtæki eins og Fish Vet Group um eftirlit með öllum þáttum sem snúa að heilbrigði fisksins og smitvörnum stöðvarinnar. Gert sé ráð fyrir vöktun allan sólarhringinn og m.a. fylgst með eldisvatni, fóðrun, affallsvatni, heilbrigði fiska og búnaði sem varnar að fiskur sleppi. Viðræður hafi farið fram við dýralækni fisksjúkdóma um að hann komi að lokahönnun stöðvarinnar m.t.t. smitvarna.

Niðurstaða Landeldis

Í matsskýrslu kemur fram að lagt verði út í mikinn auka kostnað þar sem föst úrgangsefni verða hreinsuð úr frárennslisli sem auki einnig fiskheldni stöðvarinnar. Frárennslisli verði veitt í straumþungann og brimasaman viðtaka sem beri afrennslisli í átt frá helstu vatnasvæðum og dragi það verulega úr smitálagi. Smithætta sé einungis á rekstartíma stöðvarinnar og smitáhrif talin óveruleg og að fullu afturkræf komi til rekstrarloka.



3.5.2 Umsagnir

Í umsögn Matvælastofnunar er bent að í frummatsskýrslu væri ekki tæmandi upptalning ef talað væri um „helstu fisksjúkdóma“ hér á landi og bent á rauðmunnaveiki, vetrarsár, hitraveiki og roðsár/sporát. Vísað er til Ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma til að átta sig á þeirri flóru sjúkdóma sem helst sé glímt við. Það sé bara að hluta til rétt að kýlaveikibróðir og nýrnaveiki séu helstu skaðvaldarnir, en sennilegt að nýrnaveiki sé sá einstaki sjúkdómur sem valdið hefur hvað mestum fjárhagslegum skaða í íslensku fiskeldi í gegnum áratugina. Það sé einfalt mál að verja fiskinn gegn kýlaveikibróður, hitraveiki, vibrúveiki og vetrarsárum með bólusetningum en bent sé á þann misskilning sem komi fram að til séu virk bóluefni gegn nýrnaveiki.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að láðst hafi að taka fram að fullyrðing um helstu fisksjúkdóma hafi átt við fiskeldi hérlendis og upptalningin ekki ætluð tæmandi í alþjóðlegu samhengi. Misskilningur skýrist af því að hluta úr setningunni vantaði í textann sem átti að vera eftirfarandi. Tveir af skaðlegustu sjúkdómunum í fiskeldi hérlendis eru kýlaveikibróðir og nýrnaveiki. Skal eldisstöðin lágmarka áhættu af þeirra völdum með bólusetningu gegn kýlaveikibróður og lágmarka áhættu af völdum nýrnaveiki með því að nota einungis hrogn af stofni sem laus eru við allt smit. Nýrnaveikin er sennilega sá einstaki sjúkdómur sem valdið hefur hvað mestum fjárhagslegum skaða í íslensku fiskeldi í gegnum áratugina.

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að byggt sé á misskilningi um að hitastig í kringum 7,5°C sé trygging gegn „sporðátu“ og reynsla sýni að sá eldishiti tryggi enn fremur ekki að vetrarsár komi ekki upp í landeldi, bæði á laxi og bleikju. Bent er á að „ómengaður jarðsjór“ geti innihaldið mikið af bakteríum. Þá er vísað til þess sem haldið er fram að ofantalið ásamt sléttri áferð innan á eldiskerjum valdi ekki núningsárum og skemmdum á húð sem greiði leið baktería inn í hold fisksins og vinni því á móti ofangreindum sjúkdómum. Matvælastofnun bendi á að roð og slímhúð fiska í landeldi skaddist einna helst við flutninga og dælingu á milli eldiseininga.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir að hafa beri í huga alla þá bakteríu- og veiruflóru sem greinst hafi hérlendis og muni hann beita bólusetningu þar sem hægt sé og við eigi. Lægsta hitastig eldisvatnsins sé talið verða ofan við 8,5°C sem vinni á móti myndun roðsárs/sporðátu og vetrarsára þó það sé engin trygging. Þekktur undanfari sé oft skemmd í slímhúð fisks, vegna núnings/nudds við grófa vegg eldisrýmis en í strandeldi megi fyrirbyggja að það gerist með sléttri innri áferð eldiskara og vali á búnaði sem valdi ekki núningsárum.

3.5.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur fyrir liggja nægar upplýsingar um sjúkdómahættu í eldinu og skilningur rekstraraðila á mikilvægi sjúkdómavarna. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að við hönnun stöðvarinnar verði haft samráð við Matvælastofnun um þætti er varða sjúkdómavarnir og í rekstrarleyfi verði skýr ákvæði um vöktun, eftirlit og viðbrögð eftir því sem við á vegna sjúkdóma er kunna að koma upp í eldinu. Jafnframt verði tryggt að hugsanlegt smit berist ekki út frá stöðinni en stórar fiskeldisstöðvar eru í nágrenni.

3.6 Jarðmyndanir

3.6.1 Mat Landeldis ehf.

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á nútímahrauni sem runnið hafi frá eldstöðinni Heiðin há fyrir um 6 þúsund árum en hraunið myndi ströndina á 14 km kafla frá Þorlákshöfn og vestur eftir. Yfirborð þess sé fremur slétt og ósprungið.



3.6.2 Umsagnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji hraunið á framkvæmdasvæðinu falla undir ákvæði laga um náttúruvernd um sérstaka vernd.

Í svari Landeldis ehf. er bent á að um sé að ræða slétt og ósprungið hraun þar sem ekki sé að finna neinar verðmætar hraunmyndanir svo sem eldvörp, gervigíga eða hraunhella sem njóti sérstakrar verndar.

3.6.3 Niðurstaða

Fyrir liggur að framkvæmdasvæðið kemur til með að raska nútímahrauni eða eldhraun en eldhraun njóta sérstakrar verndar sk. lögum um náttúruvernd. Hraunið er hins vegar talsvert sandorpið og hefur því að mörgu leyti glatað einkennum sem mynda verndargildi sbr. umfjöllun í athugasemdum við frumvarpi um lög um náttúruvernd. Hraunið er einsleitt og flatt á framkvæmdasvæðinu og í nágrenni þess og án sérstæðra fyrirbæra svo sem gervigíga eða hella og framkvæmdin mun ekki hafa veruleg áhrif á jarðmyndunina umfram byggð og vegagerð í og við Þorlákshöfn. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að áhrif á hraunið verði ekki veruleg.

3.7 Samlegðaráhrif

3.7.1 Mat Landeldis ehf.

Í matsskýrslu kemur fram að líkur á samlegðaráhrifum með núverandi þremur fiskeldisstöðvum, nær Þorlákshöfn séu hverfandi. Fylgst verði með hvort aukin vatnstaka þeirra stöðva, vegna áforma um stækkun, komi á einhvern hátt fram í vöktun Landeldis ehf. á grunnvatni.

3.7.2 Umsagnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að í matsskýrslu séu ekki réttar tölur um áætlaða stækkun fiskeldisfyrirtækjanna þriggja sem starfi á svæðinu. Ef áform gangi eftir verði Ísþór hf. með 1.800 tonn/ári, Náttúra fiskirækt ehf. með 1.200 tonn/ári og Laxar fiskeldi ehf. með 2.500 tonn/ári.

Í svörum framkvæmdaraðila er þakkað fyrir ábendinguna og í matsskýrslu verði notaðar endurskoðaðar tölur um umfang losunar, bæði miðað við núverandi ástand og framgang stækkunaráforma.

3.7.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur liggja fyrir að megin hættu á samlegðaráhrifum fyrirhugaðs fiskeldis Landeldis ehf. og annars eldisiðnaðar við Þorlákshöfn kunni að verða vegna vatnstöku og losunar á úrgangsefnum. Samlegðaráhrif á grunnvatn vegna vatnsöflunar kunna jafnframt að verða með öðrum vatnsfrekum iðnaði á Þorlákshafnar svæðinu og mögulegrar aukinnar vatnsvinnslu af hendi Sveitarfélagsins Ölfuss samhliða áframhaldandi uppbyggingu innan sveitarfélagsins. Það sem er viðkvæmt í því sambandi er jafnvægið á milli ferskvatnslinsunnar og saltvatnslinsunnar. Vöktun á áhrifum allrar vinnslu grunnvatns og jarðsjávar er því grundvallaratriði þegar kemur að heildaráhrifum vatnstöku á svæðinu. Slík vöktun er samstarfsverkefni skipulagsyfirvalda, leyfisveitenda og viðkomandi fyrirtækja, þ.e. Sveitarfélagsins Ölfuss og Orkustofnunar, ásamt viðkomandi fyrirtækjum.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 og deiliskipulagslýsing fyrir framkvæmdalóðina hefur borist Skipulagsstofnun. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf að liggja fyrir staðfest deiliskipulag.



Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og einnig byggingaleyfi sveitarfélagsins skv. lögum um mannvirki. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi, rekstrarleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem og nýtingarleyfi Orkuskiptunar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu samkvæmt auðlindalögum.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Landeldis ehf. sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að þegar á heildina er litið muni áhrif vegna eldis Landeldis ehf. ekki verða verulega neikvæð. Ljóst er að um er að ræða umfangsmikil mannvirki þannig að neikvæðu áhrifin tengjast helst ásýndarbreytingum vegna mannvirkjana auk útrásar affallsvatns til sjávar. Með vönduðu fyrirkomulagi mannvirkja er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á ásýnd. Gera má ráð fyrir að hreinsun affallsvatns og mikil þynning á styrk úrgangsefna vegna öflugs viðtaka komi í veg fyrir neikvæð áhrif efnanna á lífríki. Framkvæmdin kann að hafa áhrif á grunnvatnsstöðu og jafnvægi milli ferskvatnslinsu og saltvatnslinsu og áður en framkvæmdir hefjast þarf að liggja fyrir vöktunaráætlun þar sem fylgst er með hvort vatnstaka kunni að hafa áhrif á grunnvatnsyfirborð og hættu á að jarðsjór blandist upp í ferskvatnslinsuna.

Skipulagsstofnun telur að setja þurfi skilyrði um vöktun á grunnvatni og viðbrögð við áhrifum vatnstöku á grunnvatnsborð reynist þau vera meiri en gert er ráð fyrir. Helstu mælingar sem fram færu væru reglulegar prófílmælingar á seltu, síritun vatnsborðs og mæling á rafleiðni á völdu dýpi í völdum holum. Gera þarf ráð fyrir að sameina þurfi vöktun á svæðinu með öðrum eldisiðnaði og öðrum mögulegum stórnotendum vatns sem kunna að bætast við í framtíðinni. Þessi vöktun á sérstaklega við um jaðra þess svæðis við ströndina sem skipulagt hefur verið undir lóðir fyrir fiskeldi, þ.e. á svæðum þar sem ætla má að viðbrögð geti komið fljótt fram við aukna vinnslu. Skipulagsstofnun telur að slík vöktun þurfi að vera samstarfsverkefni sveitarfélags sem skipulagsyfirvalds og leyfisveitanda, Orkuskiptunar sem leyfisveitanda fyrir nýtingarleyfi og viðkomandi fyrirtækja.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif fiskeldis Landeldis ehf. vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar, mótvægisáðgerða og vöktunar sem gerð er grein fyrir í matsskýrslu Landeldis ehf.

Reykjavík, 13. ágúst 2020

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

